

Hveragerðisbær
Guðmundur F. Baldursson
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík, 20. janúar 2022
UST202112-162/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og nýtt deiliskipulag fyrir Árhólmasvæði – Zip Line braut

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 15. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og nýju deiliskipulagi fyrir Árhólmasvæðið.

Í greinargerð kemur fram að í aðalskipulagsbreytingunni felst að reitur VP1 er stækkaður og nýr reitur AF2 er skilgreindur fyrir upphafspall Zip Line svifbrautar. Deiliskipulagsbreytingin felst í stækkun á reit A þannig að hann nái til stækkunar á bílastæði (bætt er við 76 bílastæðum og 6 stæðum fyrir stærri bíla) og nái yfir lóðir og byggingarreiti fyrir upphafs- og endapall Zip Line brautar. Einnig er bætt við göngustíg meðfram Hengladalaárgili og byggingarreitur á lóð A1 er stækkaður.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að á milli reitanna tveggja, A og B, er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Stofnunin vekur athygli á að ekki er fjallað um votlendið í tillögunni eða hvernig verði hugað að verndun þess. Í deiliskipulagstillögunni eru tjaldsvæðisreitirnir að hluta til skilgreindir á votlendissvæðum. Gönguleið frá tjaldsvæðinu að þjónustumiðstöðinni liggur einnig í gegnum votlendið.

Stofnunin bendir auk þess á að á yfirlitsmynd í tillögu að deiliskipulagsbreytingu er vegslóði sem tengir tjaldsvæðið við þjónustusvæðið og liggur að hluta til austast í votlendinu. Ekki er fjallað um þennan slóða og hver sé fyrirhuguð notkun á honum í greinargerðinni. Stofnunin telur að umferð milli svæðanna tveggja ætti að fara um aðalveginn til að hlífa votlendinu.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. náttúruverndarlaganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. sama ákvæðis. Skv. 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir auk þess á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Umhverfisstofnun telur að færa þurfi rök fyrir því að þessi svæði hafi verið valin undir tjaldsvæðin en ekki önnur svæði eins og svæði austan megin við votlendið, nær þjónustumiðstöðinni. Mikilvægt er að fjallað sé um votlendið í tillöggunni og hvernig verði stuðlað að verndun þess.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur